

FYLGDU OKKUR Á



FRÉTTABRÉF SSNE

JÚNÍ 2022

STÓRLÆKKAÐ FJÁRMAGN Í STEFNUMÓTANDI BYGGÐAÁÆTLUN - BÓKUN STJÓRNAR

Það er mikið fagnaðarefni að ríkisvaldið hefur hin síðari misseri í auknum mæli gert sér grein fyrir þeim mikilvæga og góða vettvangi sem sóknaráætlanir landshluta eru og hafa sýnt landshlutasamtökum aukið traust. Endurspegladist það m.a. í aukafjárveitingum tengdum viðbrögðum við Covid 19 sem beint var í farveg sóknaráætlana og landshlutasamtökunum falið að veita fjármagninu þangað sem best nýttist.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur það skýrt fram að unnið verði að eflingu sóknaráætlana landshlutasamtakanna en einnig eru önnur atriði tíunduð í sáttmálanum, undir liðnum byggðamál, sem kalla mjög á öflugt starf landshlutasamtaka.

Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun eru landshlutasamtök nefnd sem dæmi um samstarfsaðila í 19 verkefnum en áður voru þau tilgreind sem samstarfsaðilar í 16 verkefnum. Landshlutasamtökin eru einnig nefnd sem framkvæmdaaðili í 8 verkefnum en voru áður nefnd í 5 verkefnum. Það er því ljóst að ríkisvaldið gerir ráð fyrir auknu og stærra hlutverki landshlutasamtaka en áður var.

Í ljósi þess sem að framan er rakið vekur það furðu að boðuð er 10,3% heildarlækkun á úthlutun úr fjármálaáætlun næstu 5 árin á föstu verðlagi, alls 215 m.kr. og augljóst að lækkunin verður mun meiri að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir 9% lækkun á framlögum til byggðaáætlunar en 20,7% lækkun til sóknaráætlana! Það er í miklu ósamræmi við fyrirheit sem gefin eru í stjórnarsáttmála og einnig það sem fram kemur í lið C.f. þar sem talað er um: „Aðferðafræði sóknaráætlana landshluta og brothættra byggða verði eflid og þróuð“.

Stjórn SSNE tók málið fyrir á 38. stjórnarfundi þann 8. júní síðastliðinn og samþykkti eftirfarandi bókun:

"Stjórn SSNE furðar sig á því að á sama tíma og landshlutasamtökum er falin aukin ábyrgð og skyldur í stefnumótandi byggðaáætlun lækki framlög ríkisvaldsins verulega til landshlutasamtaka sem og til sóknaráætlana, sem er eitt mikilvægasta verkefni samtakanna. Slíkt hlýtur að teljast í hrópandi ósamræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur með skýrum hætti að unnið verði að eflingu sóknaráætlana og landshlutasamtaka. Óskar stjórn SSNE eftir útskýringum á þessu ósamræmi."

Landshlutasamtökin vöktu athygli á þessu í umsögnum sínum til Alþingis, bæði vegna umfjöllunar þar um þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 og vegna fjármálaáætlunar fyrir árin 2023-2027. Því miður var ekki brugðist við þessu ákalli landshlutasamtakanna og fleiri. Það er því ljóst að framundan er heilmikil barátta til að tryggja inn aukið fjármagn í þessar mikilvægu áætlanir ríkisins.

ÖNNUR BÓKUN STJÓRNAR SSNE

"Stjórn SSNE tekur undir mótmæli stjórnar SASS vegna óskar innviðaráðuneytis um að nýkjörnar sveitarstjórnir veiti upplýsingar í grænabækur fyrir stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, landsskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu ríkisins fyrir 31. júlí nk."

Viða hafa ekki verið ráðnir nýir framkvæmdastjórnar og eins eru margir nýir fulltrúar í sveitarstjórnnum. Það ber ekki vott um góða stjórnsýsluhætti að innviðaráðuneytið setji sveitarstjórnnum jafn þröngan tímaramma þegar svo háttar, ekki síst þegar um er að ræða jafn viðamiklar og mikilvægar stefnur ríkisins og hér eru undir. Stjórn SSNE tekur því jafnframt undir tilmæli stjórnar SASS um að fresturinn verði framlengdur til 30. september þannig að tryggt verði að öllum sveitarstjórnnum sé gefinn eðlilegur tímafrestur til svara."

VELHEPPNAÐ MÁLÞING VELTEK

Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands (Veltek) hélt afar velheppnað málþing á dögunum. Yfir hundrað gestir sóttu málþingið, en þessa þess var samþætting heilbrigðis- og velferðarþjónustu, sjálfbær þjónusta og sjálftæðir notendur.

Að lokinni opnun málþingsins flutti heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, rafrænt ávarp og því næst voru kynnt ýmis norræn verkefni á sviðinu. Ávörp voru flutt um áskoranir á norðurslóðum, nýsköpun og velferðartækni til stuðnings við sjálfstæða búsetu. Að loknum hádegisverði var svo fjallað um dagþjálfun á hjúkrunarheimilum, velferðartækni í heimahjúkrun, nýsköpun í öldrunarþjónustu Fjallabyggðar, og heilbrigðisfræðslu og leiðir til að styðja sjúklinga til meiri virkni í eigin meðferð.

Ýmis fyrirtæki kynntu sínar lausnir, en markmið Veltek er að leiða saman atvinnulífið, sveitarfélög og menntastofnanir á breiðum grundvelli til að styðja við innleiðingu heilbrigðis- og velferðartækni á Norðurlandi.

Meðan á málþinginu stóð var undirrituð yfirlýsing Veltek, Fjallabyggðar og HSN um samstarf varðandi innleiðingu velferðartækni í sveitarfélaginu.

Dagskrána má sjá [hér](#)

[Veltek á LinkedIn](#)

HRINGRÁSIN FÆRIST NÆR

Nú þegar við erum farin að sjá fyrstu drög að svæðisáætlun þá förum við að huga að næstu skrefum sem við þurfum að vinna með og í framhaldi af þeirri vinnu.

SSNE hefur boðið aðildarsveitarfélögum að taka þátt í þremur verkefnum þar sem unnið verður að samræmdum eða sameiginlegri „samþykkt um meðhöndlun úrgangs“, samræmdu útliti, uppsetningu og einingum gjaldskráa sem standast kröfur borgað þegar hent er (BÞHE) og einnig að farið verði í sameiginlega vinnu við gerð samræmdra útboðsgagna fyrir sorphirðuþjónustu þannig að gögn byggji á sömu verklýsingum og ákvæðum þar sem það á við. Þetta verkefni getur síðan leitt til frekara samstarfs einstakra sveitarfélaga ef þau kjósa svo.

Stefnt er að því að verkefnið verði fjármögguð úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra að hluta eða öllu leyti sem áhersluverkefni 2022 undir verkefninu „Stefnumótun og aðgerðaráætlun í landnýtingu, orkuskiptum og úrgangsmálum“. Í sóknaráætlun landshlutans er eitt af markmiðunum að samræma flokkun sorps, draga verulega úr urðun og minnka sóun í landshlutunum. Búið er við góðri þátttöku sveitarfélaganna enda úrgangsstjórnun og endurheimt hráefna sameiginleg áskorun.

Einnig viljum við nota tækifærið að benda á að „Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar“ hefur verið gefin út og er birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Um er að ræða vegvísi sveitarfélaga í úrgangsmálum sem fjallar um þær stefnumótandi ákvarðanir og þjónustu sem sveitarstjórnir eru faldar samkvæmt lögum.

SSNE Á FERÐ UM FJARÐABYGGÐ OG MÚLAÞING

Elva og Anna Lind fóru nýverið austur á firði í vettvangsferð. Ferðinni var heitið á Neskaupsstað og fyrsta heimsókn var í Múlaann samvinnuhús. Húsið er skrifstofuklasi og miðstöð nýsköpunar og er aðstaða þar öll hin glæsilegasta. Guðmundur Gíslason tók á móti þeim, kynnti starfsemi og húsið. Um er að ræða 900 fermetra húsnæði við Nesbakka í Neskaupsstað. Byggingin sem að hluta hýsti áður verslunarrými hefur fengið yfirhalingu og viðbyggingu sem rúmar fjölbreytta atvinnustarfsemi. Húsið skiptist í skrifstofuklasa sem fjölmörg fyrirtæki og stofnanir eru að nýta sér auk þess sem sérhæfðar rannsóknarstofur og opin rými eru þarna undir sama þaki. Guðmundur talaði um að 9 ný störf hafa orðið til í bænum eftir tilkomu húsins og stendur til að byggja við húsið fljótlega þar sem húsið er nú þegar orðið fullt.

Næst var ferðinni heitið til Garðars Hallfreðssonar í Austurneti Hugbúnaðarhúsi. Þar fengu þær góða kynningu á fyrirtækinu og því brautryðjendastarfi á sviði hugbúnaðar og þróunar sem á sér stað þar innanhúss.

Frá Austurneti fóru þær að hitta kollega í Austurbrú þar sem þær áttu góð samtöl og deildu reynslu og þekkingu. SSNE hefur átt í góðu og farsælu samstarfi við Austurbrú á síðustu árum og hlakkar til að halda því áfram.

Síðasta stoppið var á Seyðisfirði þar sem þær heimsóttu menningar – og félagsheimilið Herðubreið og var það að þessu sinni Sesselja Hlín Jónasardóttir sem tók einstaklega vel á móti þeim. Húsið hýsir fjölbreytta starfsemi og menningar viðburða, það er suðupottur nýsköpunar og var virkilega mikill innblástur að sjá hvernig gamla félagsheimilið í eigu sveitarfélagsins hefur fengið nýtt hlutverk, verið glætt lífi og menningu með öflugu fólki í fararbroddi. Hægt að lesa meira um Herðubreið hér.

Elva og Anna Lind þakka innilega fyrir góðar móttökur á Austfjörðum.



MENNINGARFULLTRÚAR LANDSHLUTANNA FUNDA

Árlega hittast menningarfulltrúar og verkefnastjórar menningarmála hjá landshlutasamtökunum og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og verkefnaáherslum komandi tímabíla. Að jafnaði er fundurinn á vordögum og halda landshlutasamtökin hann til skiptis. Þá er jafnframt lagt upp úr því að skoða og kynna menningarstarfsemi sem eru í gangi á hverjum stað fyrir sig og kveikja nýjar hugmyndir, það var engin undantekning á því í ár. Það var starfsfólk SSV sem sá um dagskrána og eiga gestgjafarnir bestu þakkir fyrir. Að ári verðum það við á Norðurlandi eystra sem bjóðum heim, við fögnum öllum hugmyndum og má senda þær á menningarfulltrúa okkar Ara Pál og Hildi.



Dagskrá hófst með fundarsetu á Breið, þróunar- og nýsköpunarseturs á Akranesi. Þangað komu góðir gestir frá Norræna félagingu og sköpuðust miklar umræður um tækifæri til samstarfs á sviði menntunar, nýsköpunar og menningar norrænna landa á milli. Jafnframt voru tæki og töl skoðuð, í formi sjóða. Vigdís Jakobsdóttir listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík mætti með stúffullan bakpoka af upplýsingum um viðburði hátíðarinnar, tengslanetum og hugmyndum fyrir samstarf næstu hátíðar. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur í netin á næstu mánuðum. Að fyrstu fundarlötu lokinni var Byggðasafnið í Görðum heimsótt en safnið hlaut nýverið verðskuldaða tilnefningu til Íslensku safnaverðlaunanna. Eða líkt og kemur fram í umfjöllun FÍSOS, „...þar sem faglegt safnastarf og vönduð úrvinnsla fara saman. Þar er hugað að því að ólíkir gestir finni eitthvað við sitt hæfi og að hver og einn geti notið sýningarinnar á sínum hraða og forsendum. Það er augljóst að grunnsýningin er stórt verkefni sem hefur kostað mikla vinnu en snjallur lausnir hafa gert safninu kleift að skapa sýningu sem stenst fyllilega kröfur samtímans um fjölbreytta miðlun og aðgengileika.“ Sýningar eru afar fjölbreyttar og leika við öll skilningarvit gesta. Sem dæmi má nefna að íslenskir eldsmíðir stunda þar iðju sína og gefst gestum tækifæri á að fylgjast með og læra handbragðið á auglýstum dögum. Það voru safnstjórinn Jón Allansson og leikmynda- og búningahönnuðurinn Sara Blöndal sem tóku á móti og fræddu okkur um vörðurnar og vegferðina að sýningunum.

Matarmenning er að sjálfsögðu í hávegum höfð hjá menningarfulltrúum og var hádegishressingin Hjá Kajú bæði afar bragðgóð og fróðleg. Café Kaja Akranesi er eina lífrænt vottaða kaffihús landsins og sérhæfir Matarbú Kajú sig í lífrænt vottaðri matvöru og hefur „zero waste“ og plastleysi að leiðarljósi. Þá var haldið í Menntaskóla Borgarfjarðar en þar vann framsækið teymi sem leggur áherslu á að kanna ótroðnar slóðir í menntamálum. Skólameistarinn Bragi Þór Svavarsson fór yfir þróunarverkefnið „Menntun fyrir störf framtíðar“ í Menntaskóla Borgarfjarðar og hvernig skapandi miðlun hefur verið fléttuð inn í allt skólastarfið. Allir nemendur og starfsfólk getur nýtt tæki og hugbúnað í Fablabvænu umhverfi í verklegri kennslu ásamt starfrænni hönnun og miðlun. Jafnframt var fundað með verkefnisstjórum Rannsóknarseturs skapandi greina, sem verið er að vinna að í Háskólanum á Bifröst. Má segja að mikil vakning hafi orðið síðustu ár hvað varðar útflutningstekjur og þá megin stoð sem hugverkiðnaðar er í gjaldeyrisöflun Íslendinga í kringum skapandi greinar og áhrif skapandi greina á samkeppnishæfni Íslands í lífsgæðum og -hamingju.

Þeir staðir sem hér eru upptaldir eiga það sameiginlegt að hafa með einum eða öðrum hætt notið stuðnings frá Sóknaráætlun Vesturlands, t.d. í formi ráðgjafar eða styrkja Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Sóknaráætlun er starfandi í öllum landshlutunum og er eitt af meginverkefnum menningarfulltúanna að hafa umsjón með og koma þeim verkefnum og áherslum í framkvæmd sem þar eru sett á oddinn. Ljóst er að mikil sóknarfæri eru á landsbyggðinni er varðar uppbyggingu menningartengrar starfsemi og hlakkar hópurinn til að takast á við þau verkefni. Nánari upplýsingar um vörfund menningarfulltrúa má finna á heimasíðu okkar.



SAMRÁÐSHÓPUR UM UMhverfis- OG LOFTLAGSMÁL

Nú á dögnum var nýr samstarfs- og umræðuhópur um umhverfis- og loftslagsmál stofnaður, skipaður fulltrúum allra landshlutsamtaka auk Byggðastofnunar.

Hugmyndin að hópnum fæddist á Vorfundi Byggðastofnunar og landshlutasamtaka í maí sl., þar sem umhverfis- og loftslagsmál voru meðal annars til umræðu. Meðal starfsfólks landshlutasamtaka og Byggðastofnunar eru einstaklingar með fjölbreytta og yfirgripsmikla þekkingu í málaflokknum og með því að sameina krafta þeirra á þennan hátt myndast sterk liðsheid sérfræðinga sem saman geta beitt sér á landsvísi. Með því að stofna til umrædds samráðshóps skapast vettvangur þar sem fulltrúar landshlutanna geta átt regluleg samskipti sín milli um umhverfis- og loftslagsmál, skipst á hugmyndum og skoðunum og verið betur upplýstir um verkefni og þróun mála í öðrum sveitarfélögum og landshlutum. Þannig munu meðlimir hópsins geta veitt hvert öðru innblástur, hugmyndir og jafnvel leitt þau áfram til samstarfsverkefna.

Hópurinn mun nú í framhaldinu hittast reglulega á fundum þar sem skipst verður á upplýsingum, verkefni í landshlutunum kynnt og hugmyndir viðraðar. Með þessi frumkvæði standa vonir til þess að samstarf og samvinna muni aukast innan málaflokksins, þvert á landshluta, sem vonandi mun leiða af sér aukinn kraft og sóknarfæri innan umhverfis- og loftslagsmála um allt land.

Hópurinn skipa eftirtaldir aðilar: Ragnhildur Friðriksdóttir f.h. Byggðastofnunar, Smári J. Lúðvíksson f.h. SSNE, Daníel Einarsson f.h. SSS, Elísabet Lárusdóttir f.h. SASS, Ólaf Lovísa Jóhannsdóttir f.h. SSVN, Páll Baldursson f.h. Austurbrúar, Guðrún Anna Finnbogadóttir f.h. Vestfjarðarstofu og Vífill Karlsson f.h. SSV.

HEKLAN

SSNU

AUSTURBRÚ

S S S
SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUDURNESJUM

SSV

Vestfjarðastofa



SSNE



BYGGÐASTOFNUN

FORNLEIFAR Í GRÍMSEY

Fornleifafræðingar eru tíðir gestir í Grímsey þetta árið. Á íbúafundi fyrir nokkrum árum var ákveðið að leita leiða til að kortleggja fornminjar í Grímsey, en fyrir lá aðalskráning á fornleifum frá árinu 2007.

Að frumkvæði byggðapróunarverkefnisins Glæðum Grímsey og í samstarfi við Fornleifstofnun Íslands var sótt um stuðning úr Fornminjasjóði Minjastofnunar Íslands til kortlagningar og mats á minjum í hættu. Áhugavert verður að fylgjast með niðurstöðum þeirra rannsókna sem þegar eru hafnar og halda áfram út sumarið og þeim efnivið sem þær kunna að skapa til miðlunar.

Þá er flestum kunnugt um þann fornleifafund sem átti sér stað við undirbúning kirkjubyggingar í Grímsey nú í vor, en hann tengist þó ekki fyrrnefndu verkefni. Þegar grunnur var tekinn að nýrri kirkju voru fornleifafræðingar fengnir til að að vakta gróftinn. Þá kom í ljós kirkjugarðsveggur sem talinn er vera að elstu kirkjunni í Grímsey, eða frá um 1300. Þá fundust nokkrar fornar grafir og öskuhaugur sem nú er til rannsóknar og kann að varpa nýju ljósi á upphaf byggðar og daglegt líf í eyjunni fyrir á tímum.

Það er eins og okkur grunaði að eitt og annað áhugavert leynist í Grímsey!

FJARVINNUSTÖRF Í BOÐI!

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laus til umsóknar tvö tímabundin störf til allt að 18 mánaða við skráningu sóknarmannatala. Störfin felast í vinnu við innslátt sóknarmannatala í rafrænan gagnagrunn. Í Þjóðskjalasafni eru varðveitt ríflega 1500 sóknarmannatöl frá um miðri 18. öld til miðrar 20. aldar og hefur verið unnið að innslætti þeirra í leitarbæran gagnagrunn á undanförunum árum.

SSNE fagnar því mjög að Þjóðskjalasafn Íslands hafi í samvinnu við Norðurþing, Langanesbyggð og verkefnið Brothættar byggðir auglýst fjarvinnslustörf á Raufarhöfn og Bakkafirði, enda geti samfélagsleg áhrif af einu starfi verið mikil í smærri byggðakjörnum. Störfin byggja á styrksamningi Þjóðskjalasafns Íslands við Byggðastofnun f.h. innviðaráðherra, með vísan í aðgerð B.8 Fjarvinnslustöðvar í stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2018-2024. Sú stefna sem fram kemur í áætluninni um uppbyggingu fjarvinnslustöðva á landsbyggðinni og störf án staðsetningar er mikilvægur liður í því að fjölga atvinnutækifærum í hinum dreifðari byggðum.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí næstkomandi. Sjá nánar [hér](#).

Einnig er hægt að hafa samband við Nönnu Steinu og Gunnar Má, starfsmenn SSNE, fyrir frekari upplýsingar.

BAKKAFEST OG BORHOLUR Á BAKKAFIRÐI

Bakkafest haldið í annað sinn

Bakkafest var haldið á Bakkafirði um nýliðna helgi og heppnaðist vel. Þrátt fyrir heldur kuldalegt veður heimsótti fjöldi fólks Bakkafjörð og tók þátt í ýmsum viðburðum, s.s. gönguferð, sunddiskói og zumba. Þá buðu [Bakkasystur](#) í vöfflukaffi í tilefni hátíðarinnar og kynntu starfsemi sína. Opnarmót var haldið fyrir nýjan og glæsilegan níu holu frishívöll. Á föstudags- og laugardagskvöld var blásið til tónleika þar sem hátíðargestir skemmtu sér konunglega langt fram á nótt. Hátíðin var sem fyrr opin öllum og var hún góð kynning fyrir Bakkafjörð.

Bakkafest er sannarlega að festa sig í sessi en hún eitt þeirra tíu samfélagsefandi verkefna sem hlutu styrk þetta árið úr [Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar](#).



Tilraunaverkefni um orkusparnað

Langanesbyggð hefur í samstarfi við Orkusjóð og SSNE hafið tilraunaverkefni um orkusparnað á Bakkafirði. Bakkafjörður er staðsettur á skilgreindu köldu svæði, þ.e. þar sem íbúar og atvinnulíf hafa ekki aðgang að jarðhita og kynda því hús sín með raforku. Slík rafhitun á íbúðarhúsnæði er að hluta niðurgreidd af ríkinu þar sem hún er mun dýrari en húshitun með jarðhita.

Markmið verkefnisins er að útvega hitun fyrir Hafnartangann á Bakkafirði og aðliggjandi svæði. Þar er að finna alla helstu þjónustu Bakkafjarðar við heimamenn og gesti, s.s. tjaldsvæði, gistiheimili, veitingastað og pöntunarþjónustu. Verkefnið gengur út á að bora hólur í jörð gagnert til að nýta með jarðvarmadælum, og virkja þannig orku í héraði. Ísland er enn talsvert á eftir nágrannabjóðum okkar hvað almenna notkun á varmadælum varðar en áratuga reynsla annarra er á einn veg, varmadælur spara um 60-80% af orku við húshitun í samanburði við beina rafhitun. Ein tilraunahola hefur verið boruð við fiskvinnslustöð Bjargsins ehf. og þrjár hólur verða boraðar við skólahúsið sem nú hýsir gistirekstur og skrifstofu sveitarfélagsins.

SSNE hlaut nýverið 10.000.000 kr. styrk úr [C.01 - sérstök verkefni sóknaráætlanasvæða](#) til að koma að verkefninu með Langanesbyggð.

STYRKIR OG FJÁRMÖGNUN VERKEFNA

ÚTHLUTUN ÚR BARNAMENNINGARSJÓÐI

Tilkynnt var nýverið um fjórðu úthlutun úr Barnamenningarsjóði Íslands og hlutu 34 verkefni styrki upp á 92 m.kr. Þar af voru 5 af Norðurlandi eystra sem hlutu samtals 4,7 m.kr.

Þau voru:

Ljóðasetur Íslands fékk 906.000 kr. fyrir verkefnið "Barnamenning á Ljóðasetri". Verkefnið er unnið í samstarfi við Fjallabyggð, Umf. Glóa, Kómedíuleikhúsið og hljómsveitina Ástarpunga.

Menningarfélag Akureyrar fékk 1.350.000 kr. fyrir verkefnið "Fiðringur á Norðurlandi"

Safnasafnið fékk 614.000 kr. fyrir verkefnið "Fjórvíð virkni". Verkefnið er unnið í samstarfi við Svalbarðsstrandarhrepp o.fl.

Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir fékk 1.100.000 kr. fyrir verkefnið "Tónatrít". Verkefnið er unnið í samstarfi við Dalvíkurbyggð, Minjasafnið á Akureyri, Safnahúsið á Húsavík o.fl.

Orgelhúsið - félagasamtök fékk 700.000 kr. fyrir verkefnið "Orgelkrakka-hátíð". Verkefnið er unnið í samstarfi við Listvinafélag Akureyrarkirkju, Hóladómkirkju, Tónlistarskóla A-Húnavatnssýslu o.fl.

Hér má sjá frekar upplýsingar um öll verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni. Við óskum styrkþegum öllum innilega til hamingju með þessari flóttu verkefni.



1, 2 OG 3 OG VERKIN LÁTIN TALA!

Vindar norðursins, sólstaða, kraftar og gestrisni heimafélaks er svo mögnuð! Á Kópaskeri búa alls 123 samkvæmt Hagstofu Íslands, en íbúar telja svo sannarlega hratt og örugglega 1, 2 og 3 og ganga róslegla til verks.

Dagana 17. - 20. júní sl. var haldin Sólstöðuhátíð á Kópaskeri og gátu gestir og heimamenn meðal annars notið afkasturs tveggja af hinum fjölmörgu góðu verkefnum sem hlutu styrk úr Uppbyggingarsjóði NE 2022. Flygilvinir Öxarfjarðar ásamt fleirum, buðu upp á tónleika með Bríeti Elfar sem hluta af tónleikaröð þeirra. Mikil stemning var á tónleikunum, enda hvetjum við gesti og gangandi að fylgjast vel með Flygilvinum sem hafa nú þegar boðað til næstu tónleika í júlí.



Sýningin Hríngsól / Turnings opnaði í tilefni Sólstöðuhátíðarinnar en verður opin áfram í sumar. Um er að ræða margræða sýningu á myndverkum eftir sænska, breska og íslenska listamenn. Verkin voru gerð og sett upp í 10 daga listamannadöl í Bragganum Yst í Öxarfirði í maí 2022. Þau endurspeglar umhverfi, íbúa og náttúruna kringum Braggann Yst. Verkin eru líka með skírskotun til yfirvofandi umhverfisvárs með tilheyrandi kvíða og óvissu en jafnframt von og tilfinningu fyrir endurnýjun í gegnum samskipti og samvinnu.

Það var listakonan Yst eða Ingunn St. Svavarsdóttir sem opnaði dyr sínar fyrir listafólkið og nú gesti til að njóta. Listafólkið sem unnu sýninguna eru Yst Ingunn St. Svavarsdóttir frá Íslandi, David Foggo frá Bretlandi, Kathryn Johnson frá Bretlandi og Helen Edling Svíþjóð og John Maclean Svíþjóð/Bretlandi.


STAFRÆN SÓKN Í NORÐURSLÓÐAMÁLUM

Verkefnið Stafræn sókn Norðausturlands í málefnum Norðurslóða var styrkt af Uppbyggingarsjóði SSNE og lauk nú á dögnum þegar vefsíðan Share Your North fór í loftið. Norðurslóðanet Íslands leiddi verkefnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Verkefnið miðaði að því að skapa stafrænan vettvang fyrir vefstofur (veflægar málstofur), fyrirlestra, samtal og samráð um ýmis þau málefni sem snúa að afkomu fólks á Norðurslóðum og tilverugrundvelli. Þarna verði þá til vettvangur hvar unnt er að tengja saman stofnanir, fyrirtæki, og sveitarfélög á Norðausturlandi og veita aðgang að þessum samtalsvettvangi og jafnframt vinna að bættri samvinnu á milli stofnanna og sveitarfélaga. Ennfremur verði hægt að tengja íslenska og erlenda sérfræðinga til að sækja og deila þekkingu og reynslu enda geti slíkt orðið til frekari þekkingarsköpunar og samstarfsverkefna samfélaga á Norðurslóðum.

Fyrstu viðburðir voru haldnir í samvinnu við WIRE, Women in Renewable Energy, sem staðsett er í Kanada en með starfsemi um allan heim. Ennfremur í samvinnu við utanríkisráðuneytið, sendiráð Kanada á Íslandi, sendiráð Íslands í Kanada, Jafnréttisstofu, Electricity Human Resources in Canada, Equal by 30, SSNE og Konur í orkumálum.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Norðurslóðanetið, embla@arcticiceland.is



Frá framkvæmdastjóra



Það hefur fjölmargt gerst frá síðasta pistli framkvæmdastjóra. Eins og kunnugt er hefur Eypór Björnsson fráfarandi framkvæmdastjóri verið ráðinn forstjóri Norðurorku og hefur hann nú að mestu lokið störfum hjá SSNE en nýr framkvæmdastjóri - sú sem þetta ritar nú í fyrsta skipti - tók til starfa hjá félaginu 15. júní síðastliðinn. Fyrir hönd stjórnar og samstarfsfólks vil ég því hefja þennan pistil á að þakka Eypóri sérstaklega fyrir góð störf hjá félaginu og óskum við honum velfarnaðar á nýjum stað. Við hlökkum þó einnig til áframhaldandi samstarfs, þó það verði á öðrum vettvangi en áður.

Það er þó ekki einungis nýr framkvæmdastjóri sem er að taka til starfa hjá félaginu en eins og flestir vita fóru fram sveitarstjórnarkosningar í maí. Síðustu vikurnar hafa því nýjar sveitarstjórnir og í einhverjum tilvikum nýir sveitarstjórnarverðir að taka til starfa. Við bjóðum nýtt sveitarstjórnarfolk sérstaklega velkomið til starfa en við væntum mikils af samstarfinu næstu fjögur árin. Sömuleiðis þökkum við því sveitarstjórnarfólki sem nú hefur lokið störfum fyrir samstarfið á síðasta kjörtímabili.

Eins og alltaf í kjölfar sveitarstjórnarkosninga hefur nú verið skipt um stjórn SSNE. Lára Halldóra Eiríksdóttir bæjarfulltrúi á Akureyri hefur tekið við af Hildu Jönu Gísladóttur sem stjórnarformaður SSNE, en Hilda Jana mun áfram vera annar tveggja fulltrúa Akureyrarbæjar í stjórn félagsins.

Aðrir fulltrúar í stjórn eru Helena Eydís Ingólfssdóttir (Norðurþing), Helgi Einarsson (Dalvík/Fjallabyggð), Þröstur Friðfinnsson (Grýtubakkahreppur/Pingeyjarsveit), og Sigurður Þór Guðmundsson (Langanesbyggð). Svalbarðsstrandarhreppur mun einnig skipa fulltrúa í stjórn sem situr fyrir Svalbarðsstrandarhrepp/Eyjafjarðarsveit/Hörgársveit og mun nafn þess fulltrúa liggja fyrir á næstu dögum. Um leið og ég vil bjóða nýja stjórn sérstaklega velkomna til starfa vil ég nýta tækifærið og þakka fráfarandi stjórn SSNE kærlega fyrir sérstaklega vel unnin störf á síðustu árum. Það má segja að grettistak hafi verið unnið á síðastliðnu kjörtímabili þegar gengið var í stofnun SSNE og má stjórnin vera stolt af þeim árangri sem náðst hefur á þeim stutta tíma sem liðinn er frá stofnun félagsins.

Það er fjölmargt spennandi framundan hjá okkur í haust. Ég hlakka til að setja mig inn í þau áhugaverðu verkefni sem eru á borði SSNE á næstu vikum og mánuðum, en í haust munum við leggja nokkra áherslu á að heimsækja fólk og fyrirtæki sem starfar í landshlutanum, sem og eiga samtöl við sveitarstjórnarfolk. Þann 23. september næstkomandi mun sveitarstjórnarfolk í landshlutanum koma saman til aukapings SSNE á Laugaborg í Eyjafjarðarsveit, og síðar sama mánuð verður Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið í Hofi á Akureyri. Þar mun sveitarstjórnarfolk af öllu landinu koma saman til að kjósa nýja stjórn sambandsins og setja stefnu til næstu ára.

Þegar orð þessi eru skrifuð er sólin hæst á lofti en dagarnir þó teknir að styttest. Það er þó sem betur fer nóg eftir af sumrinu enn og sömuleiðis margt að hlakka til þegar haustið tekur við að nýju.

Njótið sumarsins og hittumst hress og endurnærð að sumarfríi loknu!

SUMARLOKUN

Sumarið er tíminn. Stærsti hluti starfsfólks SSNE verður í sumarfríi frá 17. júlí til 2. ágúst og verða sarfsstöðvar lokaðar á meðan. Njótið sumarsins og hafið það gott.



FYLGDU OKKUR -



Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi. [Tenglaupplýsingar má finna hér.](#)
[Upplýsingar um starfsstöðvar og viðverutíma starfsmanna má finna hér](#)